



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

### Samráð hófst

21. ágúst 2023

### Samráð lauk

1. september 2023

### Fjöldi umsagna

6

### Umsagnaraðilar

Alls bárust sex umsagnir; frá Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ, Landsamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands auk tveggja umsagna frá borgurum. Þá barst umsögn frá Sveitarfélaginu Skagafirði eftir að umsagnarfresti lauk.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Í umsögn Reykjavíkurborgar er að finna ýmsar ábendingar sem horft var til og gerðar voru breytingar á reglugerðardrögum í samræmi við þær.

Í umsögn Akureyrarbæjar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar var bent á að mikilvægt væri að reglugerðin tæki einnig til rafrænna kosninga auk þess sem tillaga þess efnis var að finna í umsögn Jóhannesar Braga Gíslasonar. Reglugerðinni er hins vegar eingöngu ætlað að fjalla um framkvæmd íbúakosninga sem ekki fara fram með rafrænum hætti á grundvelli 133. gr. sveitarstjórnarlaga. Framkvæmd rafrænna íbúakosninga fara fram á grundvelli 134. gr. sveitarstjórnarlaga og í gildi er reglugerð um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár nr. 966/2018. Unnið er að fyrirkomulagi fyrir rafrænar kosningar fyrir sveitarfélög og gert er ráð fyrir því að reglugerð nr. 966/2018 verði uppfærð þegar sú vinna liggur fyrir.

Í umsögnum frá Landsamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands var áréttað og ítrekaðar þær kröfur sem gerðar eru til kosninga til að tryggja aðgengi og þátttöku fatlaðs fólks í kosningum. Í reglugerðinni um íbúakosningar er að finna samhljóða ákvæði og í kosningalögum um aðstoðarmenn við kosningu og þá er einnig heimilt að njóta aðstoðar þegar greitt er atkvæði með pósti. Með þeim hætti er aðgengi þeirra sem eiga erfitt með vik að greiða atkvæði tryggt. Ákvæði reglugerðarinnar um aðgengi á kjörstað var með sama hætti og í almennum kosningalögum, en í ljósi ábendinganna var gerð sú breyting á

drögunum í 8. gr. a að við íbúakosningar skuli leitast við að tryggja að kjörstaður sem er með reglulegan opnunartíma hafi aðgengi m.t.t. hjólastóla og annarra hjálpartækja.

### Að loknu samráði

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 hefur staðfest og var reglugerðin birt í Stjórnartíðindum þann 6. september 2023.